

Þar sem með stjórn sjúkrahúsa fara kjörnir fulltrúar sveitarfélaga eða annarra eigenda, skal hin nýja skipan um stjórn samkvæmt lögum nr. 56/ 1973 taka gildi þegar kjörtímabili viðkomandi stjórnar lýkur.

Starfsmannaráð einstakra sjúkrahúsa geta sett sér ítarlegri starfsreglur en hér er getið og öðlast þær starfsreglur gildi, ef stjórn sjúkrahússins staðfestir þær.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 34. grein laga nr. 56/1973 og öðlast gildi hinn 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

31. desember 1973.

Nr. 414.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að göturæsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heim-
æðar.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd, eða þeir menn, sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema með leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Sveitarstjóri annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0.15% samkvæmt núverandi fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 600.00.

Tengigjald kr. 3 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 1 000.00 fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 6 000.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um 50% án samþykkis ráðuneytis.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað

gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að krónum 5 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkv. lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. janúar 1974.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi á Hvammstanga, nr. 169 frá 21. október 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til Hvammstangahafnar.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann eða kjósa vatnsveitunefnd, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, lagningu viðbótar vatnsæða svo og tengingu húsæða við aðalkerfi.

3. gr.

Hver sá, er vill komast í samband við Vatnsveitu Hvammstanga, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er umsjónarmanni heimilt að gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddögum.